

Bæjarráð Garðabæjar

Hr. Gunnar Einarsson, bæjarstjóri

Bæjarskrifstofunum Garðatorgi

210 Garðabær

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.d.egs.	26.10.2015
Málalykill	04.10
Mál nr.	1510319

Álftanesi, 16. október 2015

Með bréfi þessu viljum við vekja athygli á áframhaldandi þörf á þjónustu leikskóla fyrir ungbörn (yngri en tveggja ára) á Álftanesi á næsta ári.

Í kjölfar þess að mörg börn á aldrinum 9-14 mánaða voru tekin inn á ungbarnadeildir beggja leikskóla Álftaness, Krakkakots og Holtakots, síðastliðið haust ákváðu fjórir af fimm starfandi dagforeldrum á Álftanesi að leggja niður störf sín. Ástæða þess var sú að ekki fengust önnur börn til að fylla upp í laus pláss dagforeldranna.

Á Holtakoti eru enn laus pláss fyrir ungbörn sem að sögn leikskólustjóra Holtakots er ekkert til fyrirstöðu að nýta og taka inn fleiri ungbörn þar eftir áramót svo framarlega sem heimild bæjaryfirvalda fáiast til þess.

Við erum útivinnandi foreldrar sem þurfum nauðsynlega á leikskólavist að halda fyrir ung börn okkar og leitum hér með eftir samþykki bæjaryfirvalda á því að leikskólanum Holtakoti verði heimilað að taka inn fleiri börn frá og með 9 mánaða aldri í janúar 2016.

Það skref sem stigið var haustið 2015 varðandi inntöku ungbarna á Holtakot er að okkar mati gott og sýnir framsýni bæjaryfirvalda í Garðabæ í þessum málaflokki.

Virðingarfyllst,

Ragnheiður J. Karlsdóttir - Skólatún 5
Sandra Björk Björnsdóttir - Þórðablarkot 2
Sigrún Ósk Ólafsdóttir - Hálsávegur 9
Marín Rún Gunnarsdóttir - Skólatún 5
SANDRA Mjöll ANDRÉSDÓTTIR - Skólatún 1